

## Fundargerð 154. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

|                      |   |
|----------------------|---|
| <b>Fundarstaður:</b> | Þingborg  |
| <b>Fundardagur:</b>  | Miðvikudagur 8. apríl 2015  |
| <b>Fundartími:</b>   | 19:00 – 00:10   |
| <b>Fundarmenn:</b>   | Árni Eiríksson<br>Svanhvít Hermannsdóttir<br>Margrét Jónsdóttir<br>Sigurbára Rúnarsdóttir<br>Elín Höskuldsdóttir<br>Helgi Sigurðsson 2. varamaður sveitarstjórnar undir lið 4 og 5.<br>Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri<br>Auðunn Guðjónsson KPMG<br>Oddur Bjarnason, Einar Haraldsson og Jón Árni Vignisson,<br>stjórnarmenn í Veiðifélagi Þjórsár. |

Árni Eiríksson setti fund og bauð fundargesti velkomna. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt að liður 3, Ársreikningur Flóahrepps verði fyrsta mál á dagskrá og liður 6, Erindi frá Veiðifélagi Þjórsár 2. mál á dagskrá. Bætt verði við 2 dagskrárliðum, tilnefning Flóahrepps á aðalfund lánasjóðs sveitarfélaga og tilnefning Flóahrepps á aðalfund EFS.

### ***Dagskrá:***

#### **1. Fundargerð Skipulagsnefndar – nr. 86, dags. 12.03.2015.**

##### **a) Galtastaðir: Aðalskipulagsbreyting – 1502072**

Lagt fram erindi Odds Hermannssonar dags. 6. mars 2015 þar sem óskað er eftir að skipulagsnefnd rökstyðji afgreiðslu sína um að vísa beiðni um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Gaulverjabæjahreppi, til vinnu við endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Það er mat Skipulagsstofnunar að forsenda deiliskipulags fyrir móttökustöð í landi Galtastaða væri að gera þyrfti breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í ljósi þessa og að um er að ræða breytingu á almennri stefnumörkun sem nær til alls lands sveitarfélagsins að þá telur skipulagsnefnd eðlilegt að taka málið upp í vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps sem er að fara af stað á næstunni.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### **b) Miklaholtshellir 2: Byggingarreitur fyrir alifuglahús: Deiliskipulag - 1503013.**

Lagt fram erindi Eflu verkfræðistofu dags. 9. mars 2015 ásamt uppdrætti sem sýnir byggingarreit fyrir nýtt lausagönguhús fyrir 11 þúsund varphænur. Húsið verður 65 x 14 m með 3,7 m veggþéð og staðsett um 5 m frá núverandi húsi.

Skipulagsnefnd samþykkir að grenndarkynna málið fyrir aðliggjandi landeigendum og að leitað verði umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

##### **c) Miklaholtshellir 2: Stofnun lóðar – 1503014.**

Lagt fram erindi Eflu verkfræðistofu dags. 6. mars 2015 ásamt uppdrætti sem sýnir afmörkun 34,7 ha spildu Miklaholtshellir 2 úr jörðinni Miklaholtshellir lnr. 166267.

Lóðin er utan um nýlega samþykkt alifuglabú austan Ölfusholtsvegar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun ofangreindrar spildu með fyrirvara um samþykki aðliggjandi landeigenda. Ekki er gerð athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**d) Afgreiðslur byggingarfulltrúa dags. 4. mars 2015.**

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 4. mars, lagðar fram til kynningar.

**2. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 87. Dags. 30.03.2015.**

**a) Skálmholt land 193160. Aðalskipulagsbreyting – 1412001.**

Lögð fram tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps 2006 – 2018, í fyrrum Villingaholtshreppi, á spildu úr landi Skálmholts. Í breytingunni felst að 8 ha svæði sem nú er hluti af svæði fyrir frístundbyggð, merkt F15, breytist í landbúnaðarsvæði og þar stofnað nýtt lögbýli. Lýsing aðalskipulagsbreytingar var kynnt 8. janúar 2015 og liggja fyrir umsagnir Skipulagsstofnunar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Skipulagsstofnunar og Vegagerðarinnar. Skipulagsnefnd mælir með því að tillagan verði kynnt skv. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Björgvin Skafti vék sæti við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**b) Urðarlaut 193160: Skálmholt: 8,22 ha lögbýli: Deiliskipulag – 1503023.**

Lögð fram tillaga Landforms að deiliskipulagi um 8 ha lögbýlis á spildu úr landi Skálmholts í Flóahreppi sem kallast mun Urðarlaut. Er tillagan í samræmi við tillögu að breytingu aðalskipulags sama svæðis sem er í vinnslu. Svæðið liggur við aðkomuveg að Skálmholtshrauni og samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir að þar verði heimilt að reisa allt að 360 fm íbúðarhús og bílageymslu og allt að 600 fm fjölnota skemmu. Á landinu stendur tæplega 37 fm sumarhús og 22 fm gestahús og verður heimilt að stækka þessar byggingar í 170 fm.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillöguna og mælir með að hún verði kynnt samhliða breytingu á aðalskipulagi svæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**c) Efri-Gróf 166329: Efri Gróf lóð 5: Stofnun lóðar – 1503060.**

Lagt fram erindi Eflu verkfærðistofu dags. 25. mars 2015, f.h. landeigenda Efri Grófar í Flóahreppi ásamt lóðablaði dags. 15. október 2014, br. 25. mars 2015. Um er að ræða beiðni um að stofna 30 ha spildu úr jörðinni norðanverðri. Beiðni um sömu lóðastofnun var tekin fyrir í skipulagsnefnd 11. nóvember 2014 en er nú lögð fram með breytingu er varðar aðkomu að lóðinni.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og gerir ekki athugasemd við landskipti skv. 13. gr. jarðarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**d) Krækishólar lóð 166421: 3,6 ha frístundasvæði: Deiliskipulag - 1503024.**

Lögð fram tillaga Landforms að deiliskipulagi 5 frístundahúsalóða á 3,6 ha svæði úr spildunni Krækishólar lóð 166421 í Flóahreppi sem er í dag 9,9 ha að stærð. Fram kemur að heimilt verði að reisa eitt frístundhús á tveimur hæðum og eitt aukahús á einni hæð, samtals allt að 160 fm, þar af getur str aukahús verið 40 fm að hámarki.

Skipulagsnefnd mælir með að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Björgvin Skafti vék af fundi við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**e) Laugardælur: Golfvöllur Selfoss við Svarfhólsvöll: Deiliskipulag – 1503053.**

Lagt fram erindi Sveitarfélagsins Árborgar dags. 11. mars 2015 þar sem óskað er eftir að skipulagslýsing skv. 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga vegna deiliskipulags 18

holu golfvallar í landi Laugadæla í Flóahreppi verið tekin til meðferðar í samræmi við ákvæði skipulagslaga.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirliggjandi lýsingu og mælir með að hún verði kynnt skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

**3. Ársreikningur Flóahrepps 2014 – fyrri umræða.**

Auðunn Guðjónsson mætti til fundarins og fór yfir ársreikning ársins 2014 ásamt endurskoðunarskýrslu vegna ársins.

Samkvæmt niðurstöðu ársreikningsins er rekstraniðurstaða A og B hluta ársins jákvæð um 16.518 þúsund krónur. Sveitarstjórn þakkar endurskoðendum fyrir vel unninn störf. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**4. Aðalskipulag Flóahrepps - innsendar upplýsingar vegna verðfyrirspurnar.**

Máli frestað 4 mars og rætt á vinnufundi 1. apríl.

Lögð fram innsend verðtilboð frá eftirtöldum fyrirtækjum ásamt fylgigögnum:

Alta ehf kr. 6.550.000.

Landmótun ehf kr. 6.950.000.

Landslagi ehf kr 7.688.250 kr

Steinsholti sf kr. 6.500.000.

Allar tölur eru án VSK.

Farið yfir innsend tilboð og þau borin saman og rædd.

Lögð fram tillaga um að taka tilboði Steinsholts sf í verkið í heild sinni, að öllum verkþáttum meðtöldum.

Samþykkt með 3 atkvæðum.

Svanhvít Hermannsdóttir og Elín Höskuldsdóttir sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir vinnufundi með fulltrúa frá Steinsholti sf. Sveitarstjóra einnig falið að svara öllum tilboðsgjöfum.

Bókunin samþykkt með 5 atkvæðum. Margrét Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins og Helgi Sigurðsson annar varamaður tók sæti hennar.

**5. Drög að leigusamningi vegna Gömlu Þingborgar.**

Frestað á fundi 4.m. Lagður fram leigusamningur milli Flóahrepps kt. 600606-1310 sem leigusala og Þingborgar svf kt. 500991-2089 sem leigutaka af hluta húsnæðis Gömlu Þingborgar. Um er að ræða 131 fm svæði, svið, sal, forstofuherbergi og kembíherbergi auk afnota að sameiginlegu rými.

Samningurinn samþykktur með 5 atkvæðum og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Flóahrepps. Margrét Jónsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins og Helgi Sigurðsson annar varamaður tók sæti hennar.

**6. Erindi frá Veidifélagi Þjórsár.**

Oddur Bjarnason, Einar Haraldsson og Jón Árni Vignisson, stjórnarmenn í Veidifélagi Þjórsár mættu til fundarins. Þeir kynntu skyldu Veidifélagsins við að varðveita lífríki Þjórsár. Þeir lýstu áhyggjum af áhrifum virkjana á lífríki árinna. Þeir bentu einnig á að í öllu ferli rammaáæltunar hefði stjórnin komið á framfæri ábendingum um mikilvægi þess að vinna faglega að mati á vernd og orkunýtingu auðlinda og afhentu gögn máli sínu til stuðnings. Oddviti og sveitarstjórnarmenn þökkðu stjórnarmönnum fyrir að koma og upplýsa sveitarstjórn og gæta hagsmuna samfélagsins í þessu efni.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**7. Erindi frá Skólustjóra Flóaskóla vegna breytinga á húsnæði Flóaskóla.**

Lagt fram erindi frá skólastjóra Flóaskóla þar sem farið er fram á breytingar á skólalúsnæðinu með það að markmiði að skapa skemmtilegan skólabrag. Sveitarstjórn leggur til að málið verði skoðað nánar áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar.

Samþykkt með 5 atkvæðum

**8. Erindi frá Rekstrarstjórn Félagsheimilanna.**

Lagður fram tölvupóstur frá formanni rekstrarstjórnar félagsheimilanna.

Erindinu frestað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**9. Umsókn um rekstrarleyfi fyrir gististað – Skálatjörn umsögn sveitarstjórnar.**

Óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Helenu Hólm, um rekstrarleyfi til þess að fá að reka gististað í flokk I í Skálatjörn í Flóahreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt rekstraleyfi verði veitt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**10. Leikskólalóð – tillaga að vinnuferli.**

Sveitarstjórn samþykkir að fela Leikskólastjóra, umsjónarmanni fasteigna og sveitarstjóra að undibúa vinnu við lokafrágang í kringum leikskólann.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**11. Erindi frá Berki Brynjarssyni f.h. Tæknisviðs Uppsveita, vegna stefnumótunar sveitarfélaganna í sorphirðumálum.**

Lagt fram erindi frá umsjónarmanni tæknisviðs Uppsveita þar sem farið er fram á heimild til þess að boða umhverfisnefndir sveitarfélaganna til samráðsfundar.

Markmið vinnunnar er samræming á stefnu sveitarfélaganna í sorphirðumálum, hvað varðar sorphirðu og möguleika á umstöflun.

Sveitarstjórn Flóahrepps veitir atvinnu og umhverfisnefnd Flóahrepps heimild til þess að mæta til fundarins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**12. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarmálabók.**

**13. Fundargerðir:**

**a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 153, dags. 04.03.2015.**

Lögð fram til kynningar.

**b) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 5, dags. 20.01.2015.**

**c) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 6, dags. 24.02.2015.**

**d) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 7, dags. 10.03.2015.**

**e) Rekstrarstjórnar félagsheimilanna í Flóahreppi nr. 8, dags. 24.03.2015.**

Fundargerðir rekstrarstjórnar liður b, c, d og e: Afgreiðslu frestað. Bent er á að æskilegt er að fundargerðirnar berist jafnóðum til sveitarstjórnar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Atvinnu-og umhverfisnefndar nr. dags. 04.02.2015.**

Rætt um tilboð nefndarinnar um að taka að sér skipulagningu og utanumhald um umhverfisátak í Flóahreppi.

Sveitarstjórn fagnar hugmynd nefndarinnar og óskar eftir því að nefndin undirbúi áttak til fegrunar umhverfis.

Gámar fyrir heyrúlluplast eru í boði hjá ÍGF fyrir sanngjarnt verð. Sveitarstjóra falið að koma því á framfæri í næstu Áveitu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g) Æskulýðs og tómsundanefndar nr. 25 dags. 17.03.2015.**

Fyrirspurn um hreystivöll við Flóaskóla. Ákveðið að skoða málið betur en afgreiðslu frestað.

Rætt um tæki og tól félagsmiðstöðvar og að þau eiga ekki að vera í útleigu með félagsheimili. Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni. Umsjónarmanni fasteigna falið að tryggja varðveislu á tækjum og eigum félagsmiðstöðvarinnar fyrir lok apríl 2015 þannig að þau liggi ekki undir skemmdum.

Lagðar fram niðurstöður úr skoðanakönnun meðal foreldra vegna aksturs á Selfoss eftir skóla og heim aftur. Niðurstaðan gefur til kynna að ekki sé þörf á þessum akstri. Aftur á móti benda niðurstöður varðandi akstur í tengslum við félagsmiðstöð til skýrari vilja til þess að nýta sér þá þjónustu.

Sveitarstjóra falið að ræða við forstöðumann félagsmiðstöðvar og formann æskulýðsnefndar varðandi málið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**h) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings nr. 9, dags. 17.03.2015.**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða bókun í lið 1 í fundargerð um að ráðið verði í 80 % starfs sálfræðings eins fljótt og hægt er.

**i) Stjórnar Skipulags og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. nr. 23, dags. 30.03.2015.**

Lögð fram til kynningar ásamt ársreikningi ársins 2014.

**j) Fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga nr. 172, dags. 23.03.2015**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**k) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 239, dags. 02.03.2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**l) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 163, dags. 26.03.2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**m) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 826, dags. 27.02.2015**

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir bókun í lið nr 10 í fundargerðinni um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**14. Efni til kynningar:**

**a) 144. Löggjafarþing 2014 – 2015, Tillaga til þingsályktunar um að draga úr plastpökanothkun.**

**b) Staðfesting Skipulagsstofnunar á mótteknum athugasemdum við auglýsta tillögu að landsskipulagsstefnu.**

**c) Samstarfssamningur um verkun og förgun seyru - undirritaður.**

**d) Rýmingaráætlun vegna eldgoss í Bárðarbungu – drög 03.03.2015.**

**e) Þinglýst afsal til Flóahrepps kt. 600606-1310 vegna lóðanna, Þingborg eldri, landnúmer 166285 og landnúmer 166286.**

**f) Bréf frá HSK og með fylgir ársskýrsla.**

**15. Tilnefning Flóahrepps á aðalfund EFS 16. apríl 2015.**

Sveitarstjórn tilnefnir Árna Eiríksson og Margréti Jónsdóttur til vara. Samþykkt með 5 atkvæðum.

**16. Tilnefning á aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga 17. apríl í Salnum í Kópavogi.**

Sveitarstjórn tilnefnir Árna Eiríksson sem fulltrúa Flóahrepps og Eydísi Þ. Indriðadóttur til vara.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**17. Skrifstofa Flóahrepps verður lokuð frá 6. júlí – 27. júlí.**

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 00:10.

Árni Eiríksson  
Svanhvít Hermannsdóttir  
Margrét Jónsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir  
Helgi Sigurðsson  
Eydís Þ. Indriðadóttir